

Ed.

195. Nefndarálit

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 14 9. janúar 1935, um síldarverksmiðjur ríkisins.

Frá minni hluta sjávarútvegsnefndar.

Nefndin gat ekki orðið sammála um afgreiðslu þessa máls. Meiri hlutinn vill afgreiða það að mestu óbreytt. Enda þótt ég sé mótfallinn frv., þá taldi ég ekki rétt að hraða afgreiðslu þess úr nefndinni, af þeirri ástæðu, að í neðri deild liggur fyrir frv. um síldarverksmiðjur ríkisins, sem eru bráðabirgðalögin frá 12. maí 1936, sem ekki enn hefir verið tekin afstaða til í þeirri deild. Samkvæmt almennri þingvenju tekur sú deild afstöðu til bráðabirgðalaga, þar sem málið er lagt fram, áður en hin deildin blandar sér í afgreiðslu þess. Þess má vænta, að málið verði afgreitt í Nd. í einhverri mynd, og deildinni beri að biða þeirra úrslita.

Ég legg því til, að deildin afgreiði mál þetta með svo hljóðandi

RÖKSTUDDRI DAGSKRÁ:

Þar sem fyrir neðri deild Alþingis liggur frv. til laga um breyting á lögum nr. 14 9. janúar 1935, um síldarverksmiðjur ríkisins, sem eru bráðabirgðalög, útgefin af atvinnumálaráðherra með samþykki stjórnarflokkanna, og þar með meiri hluta Alþingis, og eru staðfest af konungi 12. maí 1936 og ekki enn hefir verið tekin afstaða til af þeirri þingdeild, sem málið er borið fram í, þá telur deildin ekki rétt að samþykkja frumvarp það, er fyrir liggur, og tekur fyrir næsta mál.

Alþingi, 3. apríl 1937.

Sigurjón Á. Ólafsson.